

Höfuðlús í fjölskyldunni

Upplýsingablað /Staðreyndablað

Það er á ábyrgð foreldra að bregðast við höfuðlúsarsmiti og margir foreldrar hafa sjálfir orðið fyrir höfuðlúsarsmiti einhvern tíma á ævinni. Ef höfuðlúsar verður vart í fjölskyldunni ættir þú að fylgja eftirfarandi ráðleggingum:

Ef **lifandi** lús hefur fundist í hári, ætti að hefja meðferð eins fljótt og mögulegt er.

Lúsameðferð getur bæði verið með og án lúsalyfja. Ef þú kýst að nota lúsadrepani efni skaltu einungis nota viðurkennd efni og fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum. Ef þú vilt beita kembangu sem meðferð þarf að kemma hárið **annan hvern dag í 14 daga** frá því að höfuðlúsarsmitið uppgötvaðist.

Kannaðu hvort aðrir í fjölskyldunni eru með höfuðlús með því að kemma hár þeirra allra.

Það er mjög líklegt að aðrir fjölskyldumeðlimir séu smitaðir af höfuðlús – einkum systkini, en hafa ber í huga að fullorðnir geta einnig hafa smitast. Kannski greinist ekki smit við fyrstu skoðun en haltu áfram að kemma þar til þú ert alveg viss um að lýsnar séu ekki til staðar.

Láttu alla hlutaðeigandi vita af smitinu, skólann, leikskólann, frístundagæsluna, leikfélaga, aðra fjölskyldumeðlimi, vini þína og kunningja.

Lýsnar komu einhvarstaðar að og hafa líklega borist víðar svo að ef þú vilt eiga möguleika á að uppræta smitið er mikilvægt að láta alla nálæga vita.

Þú þarft ekki að þvo fötin, þrifa allt heimilið né setja sængur, kotta og húsmuni í frysti vegna lúsanna.

Höfuðlús lifa aðeins í hári á höfuðleðri manna, svo það er engin þörf á að eyða orku í að þrifa heimilið eða óttast að heimilisdyr eða leikfangabangsar séu uppsetta smitsins.

Fylgdu eftir meðferðinni og haltu áfram að skoða þá sem ekki hafa verið meðhöndlaðir.

Svo lengi sem lýs finnast í nágrenni við þig – og það getur verið í lengri tíma – þá ert þú og þínir í stöðugri hættu á að smitast aftur, svo haltu áfram að skoða hár fjölskyldumeðlimanna reglulega.

Ekki örvænta, þú getur losnað við lúsina!

Auðvitað verður að vera örggt að þú hafir meðhöndlað smit rétt en viðvarandi lúsavandamál eru oft vegna þess að lýsnar eru í næsta nágrenni og eru þá líklegar til að koma aftur.

Ef börn eru á heimilinu, sem eru í leik- og grunnskólum, er æskilegt að kemma alla reglulega, helst einu sinni í viku, þó fjölskyldan hafi ekki fengið neina beiðni um það.

Passaðu upp á að börnin þín fari án lúsar í leikskólann eða grunnskólann, t.d. eftir frí og kembdu alltaf þegar aðrir foreldrar barna gera þér viðvart um lúsasmit.

Ef þú ert í vafa hafðu þá samband við heilsugæslustöð. Þar er fagfólk sem veit mikið um höfuðlús.

Nánari upplýsingar er að finna á www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/ höfuðlús.

Sóttvarnalæknir – Embætti landlæknis
Heimild: Liceworld.com/Kim Larsen